

## Uppsveitir

Fundagestir: Hulda Rós Bjarnadóttir, Vegagerðin

Friðrikka J. Hansen, Vegagerðin

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og

Grafningshrepps

Sylvía Karen Heimisdóttir, fjármálastjóri Skeiða- og

Gnúpverjahrepps

Áslaug Harðardóttir, áfangastjóri og staðgengill skólustjóra

Menntaskólans á Laugarvatni

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Pálmi Hilmarsson, umsjónarmaður fasteigna Menntaskólans á

Laugarvatni



## Vegagerðin

Síða 1/5

| Nr | Mál/Gögn                   | Erindi/Efni   | Umsjón |
|----|----------------------------|---|--------|
| 1  | Hlutverk Vegagerðarinnar   | <p>Kynning á tilgangi fundarins, hvað við erum að gera, hvert er markmiðið og kynning á okkur.</p> <p>Farið yfir hlutverk Vegagerðarinnar og af hverju hún sér um almenningssamgöngur. Farið yfir skilgreiningu almenningssamgangna og einkaréttinn. Stefna innviðaráðuneytis og ríkisins í almenningssamgöngum kynnt, Ferðumst saman, sem er hluti samgönguáætlunar 2020-2024. Einnig farið yfir markmið um heildrænt kerfi almenningssamgangna.</p> <p>Farið yfir tilgang þessara funda og verkefnisins almennt. Að hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga og þjóna íbúum í takt við vinnu- og skólasóknarsvæði.</p> | Hulda  |
| 2  | Stutt kynning á stoðleiðum | <p>Vg fer stuttlega yfir leiðarnetið sem er á ábyrgð Vegagerðarinnar: flug, ferjur og landsbyggðarvagnar.</p> <p>Kynnir stoðleiðir landsbyggðarvagna, þ.e. þær leiðir sem Vg skilgreinir innanhúss sem langferðarleiðir: Leiðir 51, 52, 55, 56 og 57.</p> <p><b>Umræður:</b></p> <p>Leggurinn Reykjavík-Selfoss bar sig áður fyrr en kostnaðurinn tókkaði inn austan við Selfoss.</p>   | Hulda  |
| 3  | Markmið                    | <p>Vg fer yfir að fram til þessa hefur áherstan í skipulagi landsbyggðarstrætó aðallega verið á langleiðir í leiðarkerfinu og að tengja landshluta saman.</p>   | Hulda  |

Vegagerðin

|   |                         |  |  |
|---|-------------------------|--|--|
|   |                         | Breyttar áherslur í dag. Markmið og vilji Vg er að aðlaga leiðarkerfið út frá atvinnu- og skólasóknarsvæðum. En tengingar milli landshluta verði líka áfram til staðar.  |  |
| 4 | Kynning á akstursleiðum | <p><b>Leiðir 72 og 73</b></p> <p>Farið yfir tíðni ferða og farþega fjölda. Farþegum á leið 72 hefur fækkað töluvert á síðustu 2 árum. Farþegar á leið 73 standa nokkurn veginn í stað.</p> <p><b>Umræður:</b></p> <p>Landsbyggðarstrætó í Uppsveitum er ekki áberandi, fólk veit varla af honum, aðstæður ekki aðlaðandi og lítur út fyrir að vera ekki til staðar.</p> <p>Fargjöld eru alltof dýr. Foreldrar skutla börnum sínum frekar en að senda þau með strætó.</p> <p>Reykjavegur er nýlegur vegur, væri ráðlegt að skoða að keyra hann?</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vg mun taka málið til skoðunar.</li></ul> <p>Spurt er hvort það hafi verið skoðað að hafa styttri leggi, t.d. Reykholt – Flúðir, sem er stærsta vinnusóknarsvæðið. Einnig að ekið sé inn að Sólheimum og Árnesi.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vg segir svo ekki vera en muni klárlega skoða það í ljósi þessara upplýsinga.</li></ul> <p>Skoða þarf betur val á stoppistöðvum í Uppsveitum. Fundargestum finnst t.d. að landsbyggðarstrætó eigi að stoppa við Sandlækjarkot.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vg svarar að það verði skoðað nánar.</li></ul> <p>Landsbyggðarvagnar eiga það til að stoppa ekki við stoppistöðvar ef hann sér ekki að farþega sé að bíða. Vagninn á að stoppa, það getur verið að farþega bíði mögulega inni í bíl.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vg svarar að það verður tekur á þessu með verktaka og almennt í þjónustu landsbyggðarstrætó.</li></ul> <p>Félgasmiðstöðvar eru staðsettar á Laugarvatni, Reykholti og Flúðum. Viðvera, þ.e. skipulagður opnunartími, er deilt niður á félgasmiðstöðvarnar. Viðvera er aðeins í einni félgasmiðstöð í einu.</p> <p>Íþróttahús eru staðsett á Flúðum, Reykholti, Borg og Laugarvatni. Sveitarstjórnir segja að verið sé að stofna til íþróttabandalags innan þeirra [sveitarfélaga í Uppsveitum].</p> <p>Spurt er um akstursleið sem færi Reykjavík – Þingvellir – Laugarvatn? Það sé þvert á sveitarfélög og væri betri tenging við</p> |  |

|   |                              |   |       |
|---|------------------------------|---|-------|
|   |                              | <p>höfuðborgarsvæðið heldur en að þurfa að fara inn á Selfoss.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vg svarar að það verði skoðað, en ekki líklegt því lítil byggð sé á þeirri leið.</li></ul> <p>Fundarmenn segja að ef börn geta tekið strætó aðra leiðina í íþróttir- og tómstundir, sparar það foreldrum að þurfa ekki að skutla báðar leiðirnar.</p> <p>Nemendur ML koma á sunnudögum upp úr kvöldmatarleyti og fara kl.15 á föstudögum.</p> <p>Fundargestir staðfesta [umræður með Árborg] að það sé vont ef ferðir leiða 72 og 73 falla niður vegna veðurs.</p> <p>Fundarmenn segja mikilvægt að leggja fram spurninga- og íbúakannanir til að fá betri hugmyndir um ferðahegðun íbúa í Uppsveitum.</p> <p><b>Leiðir 51 og 52</b></p> <p>Farið yfir tíðni ferða, farþegafjölda, áform um fækkun stoppistöðva á Selfossi, vagnastærð og óstundvísi vagna milli Hveragerðis og Selfoss.</p> <p><b>Umræður:</b></p> <p>Fundargestir lýsa yfir efasemdum um að taka eigi út stoppistöðvar við Ráðhús og Fossnesti á Selfossi. Það sé mesta tengingin við bæinn [Selfoss] og fyrir eldri borgara.</p> <p>Vantar að laga/bæta við tenginu milli lengri leiðanna, t.d. milli leiða 51 og 57.</p> <p>Rætt um Borgarlínu og Vogabyggð. Vg útskýrir að áform Vegagerðarinnar er að landsbyggðarvagnarnir tengist Borgarlínu í Vogabyggð. Þannig náist besta tengingin við höfuðborgarsvæðið.</p> <p>Aldís og Ásta fara yfir sögu landsbyggðarstrætó þ.e. hvernig upphafið var. Sveitarfélögin Hveragerði og Árborg komu af stað tengingu við Strætó bs. á þann veg að landsbyggðarvagn frá höfuðborgarsvæðinu æki til Hveragerðis og Selfossar.</p> |       |
| 5 | Kynning á stöðu stoppistöðva | <p>Farið yfir að vöntun er á lagalegu hlutverki um ábyrgð og þjónustuskýldur stjórnvalda á stoppistöðvum.</p> <p>Skýrsla ÖBÍ og VSÓ um aðgengi á stoppistöðvum kynnt.</p> <p>Vg lýsir fyrir fundarmönnum hvernig hefðbundin stoppistöð á landsbyggðinni er útbúin, staðsett og þjónustuð.</p> <p><b>Umræður:</b></p> <p>Fundarmönnum segja það undarlegt að sá sem fer fyrir þjónstunni [Vegagerðin] beri ekki fulla</p>  | Hulda |

|   |                |  |           |
|---|----------------|--|-----------|
|   |                | ábyrgð á stoppistöðvum í leiðarkerfi landsbyggðarstrætó.   |           |
| 6 | Fargjaldakerfi | Friðrikka fer yfir stöðuna á fargjaldakerfi í dag, hvernig greitt er í vagna, hvaða vinna er í gangi og að mögulega farið Vegagerðin inn í Klappið, fargjaldakerfið á höfuðborgarsvæðinu.  | Friðrikka |
| 7 | Gjaldsvæði     | Vg kynnir hvernig gjaldsvæði landsbyggðarstrætó eru í dag. Farið yfir hver hugmyndafræði framtíðarinnar er með fargjaldasvæðin, það að miða við vinnu- og skólasóknarsvæði en ekki endilega vegalengdir per se. Fyrstu drög að nýjum gjaldsvæðum kynnt. Myndin í kynningunni er þó úreld og breytingar útskýrðar fyrir fundargestum.<br><br>Verð fyrir hvert svæði hefur ekki verið ákveðið að svo stöddu en unnið er að útreikningum. Verðið mun ekki verða tengt gjaldi höfuðborgarvagna líkt og hefur tíðkast. Þá er hugmyndavinna í gangi um betri afsláttarkort.<br><br><b>Umræður:</b><br><br>Uppsveitir ættu að vera á sama gjaldsvæði og Árborg, sbr. Borgarbyggð, en Reykholt – Reykjavík er sambærileg vegalengd og Uppsveitir – Reykjavík.<br><br>- Vg samsinnir og mun taka ábendingu til greina og leiðrétta. | Friðrikka |
| 8 | A.10           | Kynnir verkefnið upp á samþættan akstur ef ekið er innan sveitarfélaga.  |           |

## Sveitarfélög og Menntaskólinn að Laugarvatni

### Vegagerðin

| Nr. | Mál/Gögn                 | Erindi/Efni   | Umsjón |
|-----|--------------------------|---|--------|
| 1   | Miðpunktur               | <b>Hvaða þéttbýliskjarni er þungamiðja landshlutarins?</b><br>Selfoss   |        |
| 2   | Innanbæjarkerfi          | <b>Eru almenningsamgöngur innan sveitarfélags til staðar?</b><br>Nei  |        |
| 3   | Breytingar á leiðarkerfi | <b>Hvaða breytingar á leiðarkerfinu myndu leiða til jákvæðra áhrifa fyrir samfélagið.</b><br><br>Lægra fargjald, meiri sýnileiki stoppistöðva og betri tengingar innan Uppsveita, en ekki bara inn á Selfoss.<br><br>Til að fá upplýsingar varðandi íþróttir: |        |

|   |  |  |  |
|---|--|--|--|
|   |  | <ul style="list-style-type: none"><li>- Kirstbjörg guðmundsdóttir, forstöðumaður íþróttahúsa á Laugarvatni og Reykholti</li><li>- Gunnar Gunnarsson, almennt um íþróttamál.</li></ul>  |  |
| 4 | Aukin íbúapátttaka                     | <b>Hvað þarf að koma til svo íbúapátttaka í almenningsangöngum aukist.</b><br>Betri tengingar innan Uppsveita, milli félagsmiðstöðva og íþróttamannvirkja.   |  |
| 5 | Framtíðaráætlanir í atvinnuuppbyggingu | Áætlað að reisa Fjallaböðin, eftir u.þ.b. 2 ár, og yrði það stór atvinnustaður.<br>Almennt eru þorpin að stækka og íbúum er að fjölga.<br>Ekki er fyrirhugð stækkun á ML.<br>Með heildstæðum grunnskóla í Árnesi og byggingu nýrrar virkjunar mun koma vegur yfir í Rangárvallarsýslu. |  |